

Lætur þú atkvæði þitt falla með heimilunum?

Forsendur gengis- og verðtryggðra lánasamninga eru brostnar

Ýmislegt bendir til þess að lánastofnanir hafi á undanförunum árum stuðlað með beinum hætti að óeðlilegum hækkunum á höfuðstól gengis- og verðtryggðra lána. Slíkt hefur gerst í gegnum gengishrun krónunnar með tilheyrandi verðbólguþotum.

Stjórnvöldum ber að leiðrétta tafarlaust þá eignaupptöku sem þar á sér stað. Efnahagsvandi íslenskra heimila hlýtur að teljast alvarlegur þegar **42% heimila eru með neikvæða eða takmarkaða eiginfjárstöðu miðað við fasteignamat um síðustu áramót**. Verði ekki gripið til fyrirbyggjandi aðgerða er líklegt að fjárhagsvandi heimilanna muni stórukast. **Um 80% heimila eru með gengis- eða verðtryggð veðlán vegna fasteigna og eru því meirihluti kjósenda**. Þau eiga því rétt á skýrum svörum.

Hér að neðan eru samantekin svör framboðanna sem bárust Hagsmunasamtökum heimilanna.

Svör í fullri lengd má lesa á heimasíðu samtakanna www.heimilin.is

FRAMBOÐ	Leiðrétta gengis- og verðtryggð veðlán heimilanna?	Leysa brýnan vanda vegna gengistryggðra veðlána?	Leysa ört vaxandi vanda vegna verðtryggðra veðlána?	Jafna stöðu og ábyrgð milli lántakenda og lánveitenda veðlána?	Tíma-setning
FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	Hugmynd um að bæði lánveitendur og lánþegar deili tímabundið kostnaði vegna verðtryggingar.	1. júní 2009.
SJÁLFSTÆÐIS-FLOKKURINN	Lækkun greiðslubyrði um 50% í þrjú ár sem borguð er til baka síðar. Aðlögun að upphaflegri greiðslubyrði á næstu þremur árum. Lenging láns um 6 ár	Þjóða að skipta gengistryggðum lánum í lán í íslenskum krónum. Greiðsluaðlögun.	Endurskoða kerfi verðtryggðra lána, auka vægi óverðtryggðra lána.	Hafa ekki útilokað höfuðstólslækkun ef annað dugar ekki.	Ekki tiltekið.
FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN	Leiðrétta verðtrygginguna aftur í tímann með því að taka þann hluta verðtryggingar húsnæðislána einstaklinga sem er umfram 5% og leggja inn á biðreikning.	Umbreyta myntkörfulánum í íslensk lán. Höfuðstóll lækkaður og greiðslubyrðin aðlöguð að greiðslugetu fólks.	Afnema verðtrygginguna.	Vilja jafna ábyrgð, sbr. önnur svör.	Strax eftir kosningar.
BORGARA-HREYFINGIN	Færa vísitölu verðtryggingar til janúar 2008.	Breyta í ISK og síðan færa niður til samræmis við verðtryggð lán.	Raunvextir á verðtryggðum lánum verði að hámarki 2% - 3%. Verðtryggingarákvæði verði síðar afnumin.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Strax eftir kosningar.
LÝÐRÆÐIS-HREYFINGIN	Íbúðalánasjóður yfirtaki eignir þeirra sem vilja og geri kaupleigusamning við viðkomandi. Greiðsluþol metið.	Íbúðalánasjóður yfirtaki eignir þeirra sem vilja og geri kaupleigusamning við viðkomandi. Greiðsluþol metið.	Greiðsluþol metið og það notað til að ákvarða greiðslugetu lántakanda.	Greiðsluþol metið og það notað til að ákvarða greiðslugetu lántakanda.	Ekki tiltekið.
SAMFYLKINGIN	Með almennum aðferðum og sértækum í þágu hinna verst stöddu.	Beita greiðslujöfnun og greiðsluaðlögun fyrir þá verst settu.	Með greiðsluaðlögun.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Á allra næstu dögum.
VINSTRHREYFINGIN GRÆNT FRAMBOÐ	Skapa aðstæður fyrir lántaka til að geta haldið áfram að greiða af skuldbindingum sínum.	Beita greiðslujöfnun og greiðsluaðlögun fyrir þá verst settu.	Vilja skoða að frysta tímabundið hluta hækkunar höfuðstóls og geyma án verðbóta og vaxta. Afnám verðtryggingar í áföngum.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Ekki tiltekið.

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



Vertu með og skráðu þig strax í samtökin á heimasíðunni www.heimilin.is